

Sjálfsmatsskýrsla 2016 – 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu	3
1.2	Almenn stefna og markmið	3
1.3	Starfsfólk.....	4
2	Innra mat skólans	4
2.1	Matsfundir með nýnemum	5
2.2	Ungt fólk 2016 (Rannsóknir og greining).....	5
2.3	Mat á verkefnatímum og skipulagi stundatöflu	5
2.4	Matsfundir, mat á kennslu	6
2.5	Brotthvarf	7
2.5.1	Betri árangur nemenda	7
2.5.2	Brotthvarfsskimun - könnun á brotthvarfshættu.....	8
2.5.3	Formleg skráning brotthvarfs.....	8
2.5.4	Brotthvarfsstyrkur	9
2.6	Húsfundur	9
2.7	Viðhorfskönnun	10
2.8	Mat á kennslukerfishluta Innu.....	13
3	Tölulegar upplýsingar	13
4	Aðgerðir til úrbóta	16

1 Inngangur

1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öfluglu félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að vera í góðum tengslum við umhverfið, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

1.3 Starfsfólk

Á haust – og vorönn 2017 voru starfsmenn 42 í 37 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein eða um 85% og allir kennarar eru með kennsluréttindi.

Starfsfólk	H2015	V2016	H2016	V2017
Stjórnendur	2	2	2	2
Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu	6	6	6	6
Kennarar	29	29	30	30
Stuðningsfulltrúar	1	1	2	2
Mötuneyti	2	2	2	2
Alls:	40	40	42	42

Tafla 1 fjöldi starfsfólks

2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008)

<http://www.fmos.is/skolinn/sjalfsmat/sjalfsmatskerfi-fmos/> og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Í sjálfsmatshópi FMOS eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og þrír kennarar sem kosnir eru á kennarafundi til tveggja ára í senn. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber hópurinn ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Sjálfsmatsáætlun áráanna 2016-2019 má sjá á vef skólans <http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/>

2.1 Matsfundir með nýnemum

Á haustönn 2016 fóru stjórnendur á matsfundi með öllum nýnemum fæddum árið 2000. Spurt var um líðan þeirra í skólanum og af þeim 56 sem svöruðu sögðu 46 að þeim liði vel, 8 sæmilega og 2 sögðu að þetta væri allt í lagi. Þegar spurt var um upplýsingar sem nemendur fengu í upphafi haustannar kom m.a. fram að á kynningarfundum nýnema sem haldinn er daginn fyrir skólasetningu hefði mátt kynna húsið betur fyrir nemendum. Meiri tími hefði mátt fara í að kenna á Innu og skipulag kynningarinnar hefði mátt vera öðruvísi. Kallað var eftir því að skipulögð yrði nýnemavika þar sem ýmislegt væri kynnt fyrir nemendum. Nemendur upplifa að þeir hafi ekki nógu góðar upplýsingar um stöðu sína í náminu og fara mætti betur yfir miðannarmatið þegar það liggur fyrir. Í umræðum um félagslíf skólans voru nemendur sammála um að þeim fyndist of lítið að gerast og það vanti upplýsingar um félög og ráð. Nemendur komu með ýmsar uppástungur um hvað mætti gera til að bæta félagslíf skólans. Í umræðum um nýnemaferð kom fram að nemendur eru ósáttir við að ferðinni fylgi verkefnavinna og lagt var til að ferðin yrði dagsferð í stað næturgistingar.

2.2 Ungt fólk 2016 (Rannsóknir og greining)

Á haustönn 2016 var lögð fyrir könnunin Ungt fólk á vegum Rannsóknar og greiningar. Könnunin var lögð fyrir í október 2016 og var svarhlutfallið tæplega 60%. Niðurstöður sýndu að daglegar reykingar og ölvun síðustu 30 daga er í meðallagi miðað við aðra framhaldsskóla á landinu en engu að síður eru tölurnar lægri núna en við síðustu rannsókn. Neysla á maríjúna er aftur á móti töluvert yfir landsmeðaltali. Nemendur skólans koma ekki nógu vel út þegar skoðuð eru einkenni þunglyndis, kvíða og sjálfskaðandi hegðunar. Einnig kemur það fram að 20% stelpna og 14% stráka segja að þeim líði illa í skólanum miðað við 10% landsmeðaltal hjá stelpum og 7% hjá strákum.

2.3 Mat á verkefnatímum og skipulagi stundatöflu

Settir voru saman rýnihópar bæði nemenda og kennara til að meta áhrif þess að verkefnatímar voru fjarlægðir úr stundatöflu. Fundað var með einum rýnihópi kennara og tveimur hópum nemenda. Í framhaldi af því var unnið í hópum á kennarafundi með þau gögn sem safnað hafði verið. Helstu niðurstöður rýnihópa kennara voru að það sem mælir með verkefnatímum var; aukinn sveigjanleiki, viðbót fyrir þá nemendur sem þurfa meiri tíma til

verkefnavinnu, mikilvægt samtal milli nemanda og kennara, tíminn nýtist fyrir námsmat t.d. vörðuvikur, munnlegar æfingar o.fl. og verkefnatímar eru hluti af sérkennum skólans og skólabragnum. Það sem mælir á móti verkefnatímum; nemendur fá færri mínútur í kennslu, nemendur bera ekki virðingu fyrir verkefnatímum, þeir sem þurfa mest á því að halda nýta ekki verkefnatímana. Rýnihópar nemenda leiddu í ljós að margir nemendur nota 2-3 verkefnatíma á viku og meira þegar mikið álag er, þeim fannst gott að nýta þá til að hitta kennarana og fá aðstoð við verkefni þegar á þyrfti að halda, sumir nýta verkefnatímana aðallega fyrir eitt ákveðið fag, verkefnatímar nýtast líka til að klára það sem byrjað var á í kennslustund og til hópinnu. Hluti nemenda segist mest nota verkefnatíma sem einhvers konar uppbot eða frítíma í stundatöfluna.

2.4 Matsfundir, mat á kennslu

Kennslumat var framkvæmt bæði á haustönn 2016 og vorönn 2017 hjá um það bil þriðjungi kennara, í tæplega 30 hópum. Matið var í formi funda þar sem stjórnendur hittu nemendahópa og gáfu þeim tækifæri til að tjá sig um jákvæðar hliðar kennslunnar og kallað var eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður voru skráðar og hver kennari fékk niðurstöðurnar afhentar og þær ræddar á fundi með stjórnendum.

Matsfundirnir gefa ítarlegar upplýsingar um skólastarfið og þar sem matið fer fram í samræðuformi eru stjórnendur í nánari tengslum við nemendur. Reynslan af þessari aðferð samanborið við spurningarlista er að skoðanir nemenda á skólastarfinu verða skýrari og auðveldara er að bregðast við því sem þeir benda á. Þær ábendingar sem komu fram voru ræddar einslega við hvern kennara fyrir sig og leiðir til úrbóta ákveðnar í sameiningu.


Í lok hvers fundar fá nemendur tækifæri til að koma með hugmyndir og ábendingar um annað sem þeim finnst skipta máli í skólastarfinu. Nemendur lýsa almennt mikilli ánægju með kennsluhætti skólans og upplifa samband nemenda og kennara á mjög jákvæðan hátt. Margar gagnlegar ábendingar komu fram hjá nemendum, það var t.d. bent á að álaginu væri misdreift yfir önnina, óskað var eftir að skalinn á miðannarmati væri breiðari eða jafnvel bara umsagnir. Kallað var eftir fleiri valáföngum t.d. í viðskiptagreinum, fjármálalæsi og tölvum. Mikið var rætt um verkefnatíma og mikilvægi þess að fá þá aftur inn í stundatöfluna. Óskað var eftir fjölbreyttari áhöldum í listgreinaáfangana. Nokkrar ábendingar komu fram um úrval og verð í mötuneytinu og bent var á að matsalurinn væri of lítill. Nemendur bentu á að

bílastæðin væru of fá og óskuðu eftir myndavélum á bílastæðin. Bent var á að gera þurfi átak til að ekki sé lagt í bílastæði fyrir fatlaða og mikilvægt sé að salta og sanda.

2.5 Brotthvarf

Eitt af markmiðum skólasamningsins var að minnka brotthvarf og það yrði ekki meira en 18% fyrir árslok 2017. Á vorönn 2016 var markmiðinu náð og á þessu skólaári hélt brotthvarf áfram að minnka. Undanfarin ár höfum við birt mynd sem sýnir einingabrotthvarf, en nú hefur hins vegar verið ákveðið að framvegis verði brotthvarf reiknað út frá þeim fjölda nemenda sem hverfur frá námi, sjá mynd nr. 1.

Mynd 1 brotthvarf 2016-2017



2.5.1 Betri árangur nemenda

Markmið verkefnisins var að kennarahópurinn ynni saman að því að finna leiðir til að bæta árangur nemenda. Unnið var í 5 hópum og á haustönninni vann hver hópur að því að finna leiðir til að ná þessu markmiði. Kennarahópurinn í heild kom sér síðan saman um að vinna áfram með þróun leiðsagnarnáms (learning communities). Starfið byggðist á því að innan hvers hóps vann hver kennari að því að þróa eitthvað í sinni kennslu og fundirnir nýttust til að ræða það og fá stuðning og endurgjöf frá samkennurum.

2.5.2 Brotthvarfsskimun - könnun á brotthvarfshættu

Skimunarpróf var lagt fyrir vikuna 3. – 9. október. Af 67 nemendum fæddum árið 2000 tóku 62 nemendur þátt í skimuninni. Tíu nemendur komu út í áhættu. Átta af þessum nemendum stóðu sig vel en tveir nemendur skiluðu ekki fullnægjandi árangri og eru því komnir á samning um bætta ástundun. Átta nemendur fæddir 2000 eru á samningi um bætta ástundun en þeir nemendur sem falla í þremur eða fleiri áföngum þurfa að gera samning við skólann. Tveir nemendur sem eru á samningi vegna slaks árangurs komu ekki út í áhættu á skimunarprófinu en fjórir af þeim fimm nemendum sem ekki tóku skimunarprófið eru á samningi.

Skimunarpróf	Á samningi	Ekki á samningi
Komu út í áhættu	2	8
Komu ekki út í áhættu	2	53
Tóku ekki skimunarpróf	4	1

Tafla 2 skimunarpróf

2.5.3 Formleg skráning brotthvarfs

Undanfarin ár hefur farið fram formleg skráning á ástæðum brotthvarfs nemenda úr skólanum. Niðurstöður úr þeirri skráningu má sjá í töflu 3.

Ástæður brotthvarfs	Haust 2016		Vor 2017	
	Alls	Hlutfall af heild	Alls	Hlutfall af heild
Fór að vinna	3	6,5%	2	4,9%
Flutningar				
Fjárhagsaðstæður	2	4,5%		
Námsörðugleikar				
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	5	10,9%	3	7,3%
Nám of erfitt	1	2,1%		
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla				

Einelti				
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	13	28,2%	16	39%
Veikindi barna				
Fór í annan skóla				
Líkamleg veikindi	1	2,1%	2	4,9%
Persónulegar ástæður	3	6,5%	1	2,4%
Neysla/meðferð				
Andleg veikindi	2	4,5%	8	19,6%
Annað	16	34,7%	9	21,9%
Samtals	46	100%	41	100%

Tafla 3 ástæður brotthvarfs

2.5.4 Brotthvarfsstyrkur

Árið 2016 fékk skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, til aðgerða gegn brotthvarfi. Styrknum er ætlað að styðja við nýjar hugmyndir í aðgerðum gegn brotthvarfi. Ákveðið var að fara í aðgerðir sem beindust að þeim nemendum sem voru að koma úr 10. bekk haustið 2016. Unnið var út frá þeirri hugmynd að auka samvinnu við þá nemendur sem sækja um á almennri braut í FMOS og forráðamenn þeirra. Þetta var gert með því að kanna bakgrunn þeirra og leyfa þeim í framhaldinu að velja áfanga eftir áhugasviði. Talið var að auknar líkur væru á að nemendur ljúki þeim einingum sem þeir eru skráðir í ef þeir fá sjálfir að velja. Haldinn var fundur með náms- og starfsráðgjöfum grunnskóla Mosfellsbæjar og Kjalarness þar sem hugmyndin var kynnt og óskað eftir samvinnu. Í framhaldinu var nemendum og foreldrum/forráðamönnum boðið að koma á fund með ráðgjöfum FMOS. Við töflugerð að hausti var nemendum raðað þannig að í lífsleikni, tölvunotkun og íþróttum voru hóparnir þeir sömu. Markmiðið var m.a. að efla hópandann og flýta fyrir því að nemendur kynnist.

2.6 Húsfundur


Í október 2016 var haldinn húsfundur í skólanum þar sem allir nemendur og starfsmenn eru boðaðir. Vel var mætt á fundinn og þrjú mál voru á dagskrá; umgengni, mótuneytið og valið fyrir vorönn. Skólameistari hrósaði nemendum fyrir bættu umgengni í húsinu og hvatti alla til að taka virkan þátt í að halda húsinu snyrtilegu. Rætt var um mótuneytið og nemendur sögðu matinn vera góðan en það mætti vera meiri fjölbreytni. Lagt var til að bjóða upp á kaffi í áskrift þar sem eitt gjald væri greitt fyrir önnina. Óskað var eftir að fá hafragraut á morgnana.

Rætt var um val fyrir næstu önn og hvar nemendur gætu fengið aðstoð við að velja. Undir liðnum önnur mál var ýmislegt til umræðu, mestur tími fór í umræður um verkefnatíma og augljóst að nemendur vilja fá verkefnatímana aftur í töflu. Annað sem var rætt var að taka kynjamerkingar af salernishurðum, óskað eftir að haldin verði brunaæfing fljótlega, fá annan örbylgjuofn í mötuneytið og fleira.


2.7 Viðhorfskönnun

Á vorönn 2017 var gerð viðhorfskönnun meðal nemenda og var svarhlutfallið 60%. Spurt var um líðan, kennsluaðferðir, námsmat, vinnuálag, viðhorf til skólans o.fl. Könnunin var blanda af opnum og lokuðum spurningum og var hluti spurninganna þær sömu og í fyrri könnunum og aðrar nýjar. Niðurstöður síðustu anna eru með til samanburðar þar sem það á við. Á myndum 2-4 má sjá niðurstöður úr lokuðu spurningunum og í töflu 4 má sjá samantekt á opnu spurningunum. Í lok könnunarinnar var nemendum boðið að nefna annað sem þeir vildu koma á framfæri og þar kom m.a. fram hvað verkefnatímarnir eru mikilvægir, ósk um að sleppa mætingarskyldu í tíma, þörf á meiri aðstoð fyrir þá sem glíma við andleg veikindi o.fl.


Mynd 2 Líðan nemenda



Mynd 3 vinnuálag



Mynd 4 ánægja með að vera í FMOS



Spurningar	Svör
Hvernig myndir þú lýsa kennsluaðferðum FMOS?	Fjölbreyttar, gott aðgengi að kennurum, allt of mikið af verkefnum, erfiðar en betri en í mörgum skólum
Hvernig nýtir þú umsagnir sem þú færð fyrir verkefni?	Til að bæta verkefnin, fæ ekki umsagnir frá öllum kennurum, nýti þær vel, gleymi þeim, væri gott ef við fengjum viðtal við kennara 1-2 sinnum í mánuði
Hvernig talar þú um skólann þinn?	Góðir kennarar, góðar kennsluaðferðir, tala ekki um hann, ágætlega, mæli með honum, lítið félagslíf
Hvaða álit heldur þú að fólk hafi almennt á FMOS?	Veit ekki, vaxandi skóli, tossaskóli, ekki góður skóli of léttur, fyrir nemendur sem þurfa aðstoð í námi

Tafla 4 opnar spurningar

2.8 Mat á kennslukerfishluta Innu

Á vorönn var ákveðið að setja rýnihópa af stað með nemendum til að meta kennslukerfishluta Innu sem skólinn tók í notkun á haustönn 2015. 20 nemendur af öllum brautum skólans nema sérnámsbraut voru boðaðir og 11 af þeim komu og tóku þátt. Spurningarnar og samantekt á svörum nemenda má sjá í töflu 5

Spurningar	Svör
Hvernig notið þið Innu?	Til að skila verkefnum, skoða umsagnir, verkefni og mætingu. Til að hafa yfirlit yfir námið og hvern dag.
Hversu oft farið þið inn á Innu?	Oft á dag.
Hversu auðvelt er að nálgast upplýsingar um viðveru, heimavinnu og umsagnir?	Almennt auðvelt en væri gott að fá tilkynningu/sms þegar umsagnir koma inn.
Hvaða atriði finnst ykkur mikilvægt að sjáist þegar Inna er opnuð?	Verkefnalista og forföll kennara, ekki fjarvistir.
Hvað mætti vera öðruvísi í Innu?	Stærstu verkefnin komi fyrst og kennarar skilgreini vægi verkefna. Umræðukerfi. Vistist sjálfkrafa þegar athugasemd er skrifuð til kennara.
Finnst ykkur mikilvægt að samræmt sé hvernig kennarar nota Innu?	Misjafnar skoðanir allt frá því að vilja samræmi og yfir í það að finnast það ekki mikilvægt.
Hvernig finnst ykkur að nota Innu?	Gott, skýrt og aðgengilegt.

Tafla 5 kennslukerfi Innu

3 Tölulegar upplýsingar

Kyn	H2015	V2016	H2016	V2017
KK	203	187	184	165
KVK	176	172	191	168

Tafla 6 skipting nemenda eftir kyni

Fæðingarár	H2015	V2016	H2016	V2017
1956-1980	3	3	1	1
1981-1990	7	6	5	3
1991	6	4	1	0
1992	8	4	4	1
1993	21	20	9	6
1994	22	17	9	8
1995	25	22	14	16
1996	43	40	33	22
1997	69	64	59	48
1998	82	87	78	76
1999	93	92	86	77
2000			75	72
2001			1	3
Alls:	379	359	375	333

Tafla 7 skipting nemenda eftir fæðingarári

Heiti brautar	H2015	V2016	H2016	V2017
Almenn námsbraut	76	58	71	53
Félags- og hugvísindabraut	91	86	60	57
Hestabraut	18	12	17	16
Listabraut	29	25	18	16
Íþrótt- og lýðheilsabraut	20	17	19	16
Náttúruvísindabraut	65	61	68	51
Opin stúdentsbraut	69	89	107	110
Sérnámsbraut	11	11	15	14
Alls	379	359	375	333

Tafla 8 skipting nemenda eftir brautum

Póstnúmer	H2015	V2016	H2016	V2017
101-109	34	31	28	23
110-113	93	77	105	99
116	17	18	29	22
270-276	204	195	187	170
300	8	9	11	8
Annað	23	29	15	11
Samtals	379	359	375	333

Tafla 9 skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum

Brautskráningar	H2015	V2016	H2016	V2017
	14	34	23	33

Tafla 10 brautskráningar

4 Aðgerðir til úrbóta

- **Matsfundir með nýnemum**

Á fundum með nýnemum komu fram ýmsar hugmyndir um það sem betur mátti fara varðandi skipulag á kynningu nýnema, miðannarmat og upplýsingar um námsstöðu.

Markmið: Endurskipuleggja kynningu fyrir nýja nemendur í samvinnu við kennara.

Ábyrgðamenn: Stjórnendur

- **Ungt fólk 2016**

Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2016 komu ekki vel út þegar skoðuð eru einkenni þunglyndis, kvíða og sjálfskaðandi hegðunar.

Markmið: Finna leiðir til að styðja betur við þennan hóp nemenda

Ábyrgðamenn: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar

- **Mat á verkefnatímum og skipulagi stundatöflu**

Það kom skýrt í ljós við mat á verkefnatímum og skipulagi stundtöflu að meirihluti bæði nemenda og kennara óskaði eftir breytingum á töflunni og þeir vildu fá verkefnatíma afut. Í ljósi þess var ákveðið að gera breytingar á töflunni og setja inn einn verkefnatíma á dag eins og áður.

Markmið: Halda áfram að bjóða upp á verkefnatíma

Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

- **Matsfundir, mat á kennslu**

Vel gekk að virkja nemendur á matsfundum bæði á haustönn og vorönn og í ljósi þess var ákveðið að halda þessu matsformi áfram.

Markmið: Endurmeta matsfundi fyrir haustönn 2017.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

- **Brotthvarf**

Það kemur í ljós þegar rýnt er í brotthvarfstölur að brotthvarf fer minnkandi frá ári til árs.

Markmið: Halda áfram að leita leiða til að minnka brotthvarf enn frekar.

Ábyrgðarmenn: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar.

- **Húsfundur**

Mikil þátttaka var á húsfundi og reynist þessi vettvangur vel til að ná til nemenda. Sumar af þeim úrbótum sem nemendur lögðu til hafa þegar komið til framkvæmda, má þar t.d. nefna merkingar salernishurðum, hafragrautur í mötuneytinu, verkefnatímar o.fl.

Markmið: Virkja nemendur í undirbúningi húsfundar.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

- **Viðhorfskönnun**

Svarhlutfallið í könnuninni var töluvert betra en í síðustu könnun eða 60% miðað við 40% árið áður. Þegar könnunin var lögð fyrir fóru fulltrúar sjálfsmatshóps í stofur á þeim tíma þegar flestir eru í húsi og báðu nemendur um að opna könnunina og svara henni. Þessu var síðan fylgt eftir á öðrum degi og náðist þá í fleiri.

Markmið: Halda áfram að finna leiðir til að auka svarhlutfallið.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

- **Mat á kennslukerfishluta Innu**

Eftir rýnahópa með nemendum voru niðurstöðurnar kynntar á kennarafundi. Nemendur eru almennt ánægðir með að nota Innu sem kennslukerfi og það studdi við þá hugmynd að færa kennslukerfi FMOS alfarið yfir í Innu.

Markmið: Allir kennarar skólans noti Innu sem kennslukerfi.

Ábyrgðarmenn: Stjórnendur.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Inga Þóra Ingadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Kolbrún Ósk Jónsdóttir, kennari á sérnámsbraut og í félagsfræði

Sigrún Theódóra Steinþórsdóttir, listgreinakennari

Tinna Sigurjónsdóttir, stærðfræðikennari